


Reykjavík, 21. mars 2024

## Varðar: Birkihlíð 48 – fyrirspurn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. mars 2024 var lögð fram fyrirspurn Baldurs Steins Helgasonar, dags. 31 október 2023, um rekstur gististaðar í húsinu á lóð nr. 48 við Birkihlíð.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Hluti deiliskipulags Suðurhlíða, samþykkt 10. febrúar 1987

## Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi er lóðin staðsett í borgarhluta 3 Hlíðum og er skilgreint sem íbúðarsvæði ÍB19 Suðurhlíðar.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, Suðurhlíðar, samþykkt 10. febrúar 1987 með síðari breytingum.

## Umsögn

Húsin á lóðinni er einbýlishús með stakstæðum bílskúr, byggt árið 1984 skv. fasteignaskrá. Óskað er umsagnar skipulagsfulltrúa á rekstri gististaðar í húsinu.

Samkvæmt aðalskipulagi er lóðin og byggingin staðsett á íbúðasvæði, en á íbúðasvæðum er almennt gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði ásamt tilheyrandi opinberri grunnþjónustu, almennri verslun og þjónustustarfsemi og minni útivistarsvæðum. Í íbúðarbyggð er aðeins heimilt að vera með gistileyfi í flokki I, heimagistingu í 90 daga á ári. Í deiliskipulagi er ekki fjallað sérstaklega um gististarfsemi og því skal fara að ákvæðum aðalskipulags. Því er neikvætt tekið í fyrirspurn.

Tekið skal fram að í gististaður í flokki I (heimagisting í hámark 90 daga á ári) er heimil. búðinni á lóðinni.

## Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í fyrirspurn

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, verkefnastjóri